

## Húsnæðisskortur

Björgunarsveitarinnar Bjargar Eyrarbakka og Slysavarnadeildarinnar Bjargar Eyrarbakka.

### Inngangur

Húsnæðismál eru orðin mjög takmarkandi og truflandi þáttur í starfi Björgunarsveitarinnar Bjargar og Slysavarnadeildarinnar Bjargar á Eyrarbakka. Enginn þarf að efast um hve mikilvægu hlutverki þessar deildir gegna, annarsvegar sem viðbragðsaðili í björgunarstörfum og hinsvegar sem samfélagslega eflandi félagskapur á Eyrarbakka og Stokkseyri. Með erindi þessu er falast eftir aðkomu Sveitarfélagsins Árborgar að lausn þessa húsnæðisvanda.

### Saga og samfélagslegt gildi

Slysavarnadeildin Björg Eyrarbakka var stofnuð þann 21. desember 1928 og er sjötta elsta Slysavarnadeild á landinu og hefur hún starfað óslitið síðan þá. Björgunarsveitin varð félagslega sjálfstæð um 1970 og svo fjárhagslega sjálfstæð um 1996. Þessar tvær deildir, björgunarsveit og slysavarnardeild Bjargar, hafa starfað afar náið um áratuga skeið og stuðlað að betra samfélagi hér á Eyrarbakka alla tíð. Það er von okkar að með nýju og hentugra húsnæði Bjargar getum við stuðlað að enn betra samfélagi með fjölbreyttri flóru af mannskap sem er tilbúin í að takast á við þau verkefni sem til koma.

Björgunarsveitin og Slysavarnardeildin eru mjög stór partur af samfélaginu okkar hér á Eyrarbakka og óhætt að segja Stokkseyri falli þar einnig undir, en með okkur starfa unglingar frá Stokkseyri. Húsnæðisskortur gerir það að verkum að þessi félög eiga mjög erfitt með að stækka frekar, bæði vegna þess að félagsaðstaða er orðin alltof lítil, fundi og námskeið þarf að halda annarsstaðar. Nánast er búið að taka félagsaðstöðuna undir búningsaðstöðu og Slysavarnardeildin er með sinn búnað og skjöl í heimahúsum. Nauðsynlegt er að koma þessum búnaði og tækjum undir eitt og sama þakið.

### Mikilvægi Bjargar sem viðbragðsaðila

Útköll eru afar fjölbreytt og geta dregist á langinn í fleirri daga og má þar nefna að síðasta slíka útkall hafi verið leitin af Cessnu flugvél sem fór í Þingvalla vatn og á 6 dögum vorum við með um 600 vinnustundir. Við leitir á ölfusá erum við nokkuð ómissandi þar sem okkar tæki henta einstaklega vel við leit á henni. Erum við ein af stærri björgunarsveitum Árnessýslu og er það stefnan að halda því þannig. Meðal fjöldi útkalla síðastliðinna ára er 47 útköll. h

Tækja floti sveitarinnar telur eftirfarandi.

Toyota Hilux 44“ 2012 árgerð, Toyota Hilux 38“ 2014 árgerð Toyota landcruiser 2018 árgerð, Ford Econline 2004 árgerð, slöngubátar eru 2, Fjór hjól af gerðinni Can-am 2021 árgerð, can am sexhjól 2015 árgerð Gaui Páls Björgunarbátur og svo er það svifnökkvinn sem er fyrst og fremst hugsaður sem tæki til leitar á ölfusá og fleirri grunnum ám hringinn í kringum landið.

## Tækjageymslur

Tækjageymslur eru orðnar svo fullar að erfitt er að ganga um húsnæðið. Ýmis tæki eru því geymd úti sem gerir það að verkum að viðgerðarkostnaður og bilanatíðni er mun meiri en annars væri.

Viðbragðstími í útköll er mun lengri en gæti verið vegna þess hversu þétt er raðað í tækjasal. Með nýju húsnæði styttest viðbragðstími mikið. Við teljum einnig víst að æfingum geti fjölgað vegna þess hve þægilegt yrði að ganga um tæki og húsnæði. Núverandi húsnæði er 280 fm sem skiptist í 200 fm tækjageymslu og 80 fm félagsaðstöðu salerni stjórnstöð. Í dag erum við með útkallsbúnað sveitarinnar á mörgum mismunandi stöðum sem getur valdið ruglingi og töfum á leið í útkall.

## Félagsmenn

Félagsmenn eru skráðir 44 í Björgunarsveitina og í Slysavarnadeildinni eru 14. Með þennan fjölda er nauðsynlegt að hafa nægt rými fyrir góða félagsaðstöðu, bæði fyrir fundi og eins til að geyma einstaklings útkallsbúnað í skápum. Í núverandi húsnæði er, eins og komið hefur fram, engin aðstaða fyrir allan þennan fjölda til þess að geyma sinn einstaklingsbúnað og varla er ónýtt pláss í húsnæði í dag undir þennan mikla búnað sem fylgir hverjum og einum félagsmanni.

## Unglingadeild

Hjá okkur í unglingsdeild hafa verið undanfarin ár umþað bil 5-15 starfandi unglingar allt árið um senn. Og er það stefna okkar að reyna að auka þann fjölda til að auka okkar útkallshóp enn frekar. Meiriparturinn af okkar útkallshóp koma uppúr unglingsdeildinni og er því ansi mikilvægt starf sem fer þar fram. Ansi þröngt á þingi þegar þau mæta og einhver önnur starfsemi á sér stað ( útköll til dæmis) og lítið pláss til æfinga innan dyra.

## Kostir

Kostir þess að fara í nýtt húsnæði eru fjölmargir. Nefna má nokkra galla við núverandi húsnæði sem kostur verður að losna við. Í nýju húsnæði verður t.d. úr sögunni félagsfólk þurfi að sæta lagi að hlaupa inn í hús úr sínum tækjum á milli þess sem sjórinn gengur yfir núverandi húsnæði í vondum veðrum. Við blasir einnig sú hættu á núverandi stað að forða þurfi tækjum Bjargar í burtu vegna hættu á að sjór gangi inní húsið en hækkandi sjávarstaða mun gera þessa ógn meiri. Töluverð snjósöfnun á sér stað við núverandi húsnæði og því er þröngt þar að komast inn og út með kerrur í eftirdragi.

Undan farin ár höfum við boðið 10 bekk að hafa sína flöskusöfnun/talningu í húsnæði okkar þeim að kostnaðarlausu og erum við meira en tilbúin að halda því samstarfi áfram sé vilji fyrir því

## Ókostir

Ókostir þess að fara í nýtt húsnæði eru ekki margir en eru þó einhverjir og má þar nefna helst að það er mjög svo kostnaðarsamt fyrir ekki stærri björgunarsveit en okkur.

**Hugmyndir um nýtt húsnæði**

Hugmyndir um nýtt húsnæði kviknuðu þegar til stóð að byggja við núverandi húsnæði. Sú spurning vaknaði hvort þeir fjármunir sem færu í slíkar breytingar myndu ef til vill nýtast betur í að byggja nýtt, þó vissulega þyrfti aukinn fjárhagslegan tilstyrk til að svo mætti verða.

Í framhaldinu hefur mikil vinna farið fram hjá stjórn björgunarsveitarinnar við að skipuleggja og kostnaðarmeta það húsnæði sem við teljum henta okkar starfsemi sem best. Talað hefur verið verkfræðinga og byggingaraðila sem eru að byggja svipað húsnæði. Þeir hafa aðstoðað við að gera kostnaðaráætlun fyrir nýbyggingu með grunnfleti upp á 480 fm ásamt 190 fm millilofti. Kostnaðaráætlun er uppá 220 þúsund á hvern fm sem gerir 146.520.000. Það segir sig alveg sjálft að fyrir björgunarsveit með takmarkaða möguleika á fjáröflunum er þetta verkefni óraunhæft nema með aðkomu sveitarfélagsins.

Ef af þessu verkefni yrði myndi það koma til með að styrkja þessi tvö félög sem um ræðir til mikilla muna þetta myndi jafnframt styrkja samfélagið sem heild og við yrðum betur tilbúin til að takast á við þau verkefni sem upp kunna að koma.

Er það von okkar að sveitarfélagið aðstoði okkur um styrk uppá 8.000.000 m.Kr á ári til 10 ára= 80.000.000 auk lóðar á Gunnarshústúni að stærð 2500 fm.

Fyrir hönd Björgunarsveitarinnar Bjargar Eyrarbakka

Stjórn